

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda sins, hrm. Stefáns Jóh.
Stefánssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 80/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Geir G. Zoëga (Lárus Fjeldsted).

Togaranjósir.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt vottorði hafnarstjóra Reykjavíkur, sem lagt hefir verið fram í málinu, voru þeir af togurum þess fiskveiðafélags, er kærði var umboðsmaður fyrir, staddir hér á höfninni frá 6. apríl 1935 til 7. s. m. kl. 14. Samkvæmt skýrslu kærða, sem studd er af öðrum sakargögnum, var tilætlunin að fá leyfi ríkisstjórnarinnar til þess að skipa hér upp afla skipanna og selja hann vegna verkfalls, er þá stóð yfir á heimili skipanna í Englandi. En af því að leyfi þetta fékkst ekki, þá var það ráð tekið að varpa aflanum hér fyrir borð og fiska í skipin af nýju og flytja þann fisk nýjan til Englands, með því að vonir þóttu vera til þess, að verkfallinu yrði þá lokið. Skýrsla kærða um það, að óvarlegt hafi þótt að varpa aflanum um borð í íslenzkri landhelgi vegna grunar, er það kynni að vekja um brot á íslenzkum fiskveiðalögum, ef varðskip kæmi að, meðan á því verki stæði, þykir ekki verða vefengd,

og að skeyti þau, er kærði sendi togaranum „Arab“ og í máli þessu greinir, hafi verið send í aðvörunarskyni í þessu sambandi, enda er talið, að togurunum hefði verið óhentugt, með því að oftast var nokkur stormur daga þessa og verkið gat tekið allt að sólarhringi, að þurfa að láta vinna það utan landhelgi. Kærði, sem auðvitað hlaut að ganga að því visu, að togararnir byrjuðu ekki að fiska á ný áður en aflanum væri varpað fyrir borð, hafði því ekki ástæðu til að ætla, að skeyti þau, er hann sendi „Arab“ þann 8. og 10. apríl 1935 og áður en hann hafði nokkra frétt fengið um það, hvernig farið hefði um útvörpun aflans, kæmu að liði um óleyfilegar veiðar í landhelgi.

Samkvæmt framanskráðu þykja ekki vera fyrir hendi skilyrði til þess að dæma kærða sekan um brot á 4. gr. laga nr. 5/1920, og verður því að sýkna hann af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu. Verður þá að dæma greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 100.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 100.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Geir G. Zoëga, á að vera sýkn af kærum og kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, Lárusar hæstaréttarmálaflutningsmanns Fjeldsted, kr. 100.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

**hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna
Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted,
100 krónur til hvors.**

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 13. apríl 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Geir Geirssyni Zoëga umboðsmanni, Vesturgötu 32 Hafnarfirði, fyrir brot gegn lögum nr 5/1920.

Kærði er kominn yfir lögdur sakamanna, er fæddur 27. júlí 1896. Hann hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Kærði hefir um alllangt skeið verið í þjónustu brezkra togaraeigenda sem umboðsmaður þeirra hér á landi.

Við athugun, sem dómsmálaráðuneytið lét framkvæma á dulmálsskeytum kærða til brezkra togara, þótti ýmislegt benda til þess, að hann með slíkum skeytum hefði gefið togurunum upplýsingar um varðskipin. Var þetta mál kærða því tekið til frekari rannsóknar.

Undir rannsókn málsins var yfirheyrður Íslendingur einn, sem á tímabili hafði verið fiskiskipstjóri á einu þeirra skipa, sem kærði var umboðsmaður fyrir og hafði sent mikinn fjölda dulmálsskeyta. En hann neitaði að svara öllum spurningum um það, hvort skipið hefði, meðan hann var á því, fengið upplýsingar um varðskipin. Þessi framburður fiskiskipstjórans hlýtur að vekja grun um það, að skipið hafi raunverulega fengið slíkar upplýsingar, þó að hann hinsvegar út af fyrir sig sanni ekki, að svo hafi verið.

Kærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi gefið togurum upplýsingar um varðskipin í því skyni að aðstoða þá við landhelgisveiðar. Að gengnum úrskurði í upphafi rannsóknarinnar afhenti kærði réttinum til afnota dulmálslykil, er hann þá hafði í notkun við sendingu dulmálsskeyta. Með þessum lykli tókst að leysa nokkur skeyti, sem farið höfðu í milli kærða og hinna erlendu veiðiskipa, þar á meðal tvö skeyti frá kærða til skipstjórans á enska togaranum Arab, er innihalda upplýsingar um varðskipin, sem nú skal greina:

- 1) Skeyti dags. 8. apríl 1935, kl. 8,06, leyst af dulmáli svo-látandi: Ægir has left.

2) Skeyti dags. 10. apríl 1935, kl. 8,42, leyst af dulmáli svo-látandi: Ægir Norðfjörð Tuesday afternoon Hvidbjörn left Reykjavík 7 a. m. Wednesday morning.

Eitt þeirra skeyta, sem tókst að þýða, var frá togaranum Arab til kærða, dags. 10. apríl 1935, kl. 10,55, leyst af dulmáli, svohljóðandi: Thanks for message took blackfrost to dump fish stop had no chance to go inside our position is Westman islands.

Kærði hefir kannazt við að hafa sent skeyti þau, sem að framan greinir, til skipstjórans á Arab, en hann hefir stóðugt haldið því fram, að tilgangurinn með þeim hafi ekki verið sá, að liðsinna skipinu við landhelgisveiðar. Hefir hann í þessu sambandi skýrt svo frá, að þrír enskir togarar, þar á meðal togarinn Arab, hafi um þessar mundir verið hér við land að veiðum, og hafi þeir vegna yfirstandandi verkfalls í Englandi fengið fyrirmæli um að kasta því, sem þeir höfðu aflað, er þeir komu hér í höfn, með því að eigi fékkst leyfi til að selja þann afla hér á landi. Kveður kærði skipstjórann hafa talið nauðsynlegt vegna óhagstæðs veðurs að vinna að þessu í skjóli við land eða á landhelgissvæðinu, en álitid, að það gæti hinsvegar varðað þá ábyrgð. Undir þessum kringumstæðum kveðst kærði hafa tekizt á hendur að gefa togurunum upplýsingar um varðskipin, meðan á þessu stæði, svo að þeir gætu óhultir athafnað sig í þessu skyni á landhelgissvæðinu, og var það ákveðið, að hann símaði upplýsingarnar til Arab og þess skips eins, með því að gert var ráð fyrir, að togarar þessir héldu hópinn og gætu því allir orðið upplýsinganna aðnjótandi, þótt aðeins einum þeirra væru sendar þær. Samkvæmt þessu sendi kærði síðan skeyti þau, sem áður greinir, en er hann fékk skeytið frá Arab hinn 10. apríl, skildi hann það svo, að búið væri að kasta fiskinum, og kveðst hann því eftir það eigi hafa sent fleiri skeyti um þetta efni. Það þykir nú ekki næg ástæða til að véfengja þessa skýrslu kærðs um tilefni þess, að hann sendi togaranum umræddar upplýsingar um varðskipin, enda verður að telja, að hún sé studd af framangreindu skeyti Arabs hinn 10. apríl. En með því að þessar upplýsingar eru til þess fallnar bæði að liðsinna togurum þessum við landhelgisveiðar og að gera þeim mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgisbrot, og að telja verður, að kærða hafi hlotið að

vera það ljóst, og með því ennfremur, að engin atvik réttlættu það að öðru leyti, að togurunum væru sendar upplýsingar um varðskipin, eins og á stóð, þá verður niðurstaðan sú, að kærði hafi með því að senda þessi skeyti brotið gegn 4. gr. laga nr. 5 1920. Eftir málavöxtum og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrm. Lárusar Fjeldsted.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Geir Geirsson Zoëga, greiði til landhelgisjóðs Íslands 3000 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrm. Lárusar Fjeldsted.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. maí 1938.

Nr. 92/1937. **Sigríður Jónsdóttir**

(Theódor B. Lindal)

gegn

Helga Lárussyni og Vátryggingarfélaginu „Baltica“ og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótakröfur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1937, krefst þess,